

NES FRÉTTIR

DESEMBER 2014 • 12. TBL. • 27. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



Hið árlega 1. des. ball 10. bekkinga í Valhúsaskóla fór fram með miklum myndarbrag í Félagsheimili Seltjarnarness. Stór hluti hópsins hafði æft upp leikritið Aladin og sýndi við mikinn fögnuð áhorfenda. Ungmennin sýndu samkvæmisdansa og buðu foreldrum út á dansgólfið. Sjá fleiri myndir frá skemmtunni á bls. 23.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMADUR: Þórrður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Verður að taka tillit til Seltirninga

Seltirningar eru háðir nágrönnum sínum í Reykjavík um samgöngur. Helstu leiðir frá Seltjarnarnesi til umheimsins liggja um; Ánanaust og Hringbraut, Ánanaust og Geirsgötu, Nesveg og Hofsvallagötu og Nesveg, Ægissíðu og Suðurgötu. Aðrar leiðir koma vart til greina nema sjóleiðin.

Í skipulagi Reykjavíkur og einnig í fyrirætlunum borgaryfirvalda er gert ráð fyrir mikilli þéttingu byggðar í vesturhluta Reykjavíkur, einum á Háskólasvæðinu og við hafnarsvæðið og í nágrenni þess sem kallar á meiri umferð. Á sama tíma eru komnar fram hugmyndir um að þrengja að umferðinni – jafnvel að stofnbrautum til að draga úr svonefndu umferðarónæði. Þegar hefur verið ráðist í umdeildar aðgerðir við Hofsvallagötu, rætt er um að hægja á og jafnvel að draga úr umferð um Suðurgötu og Hringbrautina er ekki ósnertanleg þegar kemur að þessum málaflokki. Þá er ljóst að vaxandi umferðarþungi um Geirsgötu og hafnarsvæðið getur komið niður á möguleikum Seltirninga til að komast leiðar sinnar.

Auðvelt er að skilja áhuga fólks á að verða fyrir sem minnstu ónæði Áf umferð en það hefur einnig þörf fyrir að komast á milli staða. Hvað sem áhuga Reykjavíkinga líður verða borgaryfirvöld í Reykjavík að vera þess minnug og taka tillit til að vestan borgarmarkanna er sveitarfélag með um 4.400 íbúa sem á sér ekki aðrar leiðir á landi en í gegnum Vesturhluta Reykjavíkur. Borgaryfirvöldum og ríkisvaldinu eftir atvikum ber skilda til að halda samgöngum Seltirninga við aðrar byggðir opnum. Af því verður skipulag borgarinnar að taka mið.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Fasteignaskattar lækka um 5%

Skattar á íbúa lækka og tómsundastyrkir hækka er grunnurinn í fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2015 og þriggja ára áætlun sem samþykkt var á fund bæjarstjórnar nýverið. Helstu tíðindi úr áætluninni eru að fasteignaskattar lækka um 5% og tómsundastyrkir verða hækkaðir um 65%, fara í 50 þúsund krónur, en þeir voru 30 þúsund krónur á hvert barn. Þar með er Seltjarnarnesbær með hæstu styrki af þessu tagi á landinu. Fasteignaskattar lækka um 5% og verða nú 0,20% sem er með því lægsta á landinu. Niðurgreiðslur til foreldra með börn hjá dagforeldrum hafa einnig hækkað og eru nú 65 þúsund krónur með hverju barni. Inntökualdur barna í leikskóla bæjarins er við 14 mánaða aldur miðað við ágúst ár hvert. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir fjárhagsáætlun unna á samráðsfundum meiri- og minnihluta í bæjarstjórn. „Þær áherslur sem eru í fjárhagsáætlun bæjarins koma barnafjölskyldum vel og það er samstaða um að batnandi hagur bæjarsjóðs skuli komi fjölskyldufólki til góða“, segir Ásgerður og kveðst ánægð með að Nesið skuli vera í farabroddi á landinu hvað varðar tómsundastyrkina og lág leikskólagjöld. Á landsvísi eru skattar almennt lægstir á Seltjarnarnesi en útsvarið nemur 13,70%.



styðja það sem og árangur á samræmdum prófum borið saman við aðra skóla landsins.

Nýtt hjúkrunarheimili ris og ungmennin fá vinnu

Eins og bæjarbúar hafa eflaust tekið eftir hafa ýmsar framkvæmdir verið unnar á þessu ári, miklar viðhaldsframkvæmdir hafa staðið yfir sl. fjögur ár sem nema alls einum milljarði á tímabilinu. Nú er hafin vinna við undirbúning á byggingu hjúkrunarheimilis við Safnatröð en áætlaður kostnaður er rúmur milljarður. Þá má geta þess að á liðnu sumri störfuðu um 150 ungmenni 18 ára og eldri við ýmis störf hjá bænum en allir námsmenn sem leituðu til bæjarins um sumarstarf fengu starf. „Það er liður í sumarátaki bæjarins að unga fólkið fái vinnu í stað þess að ganga um atvinnulaust“, segir Ásgerður og kveðst hafa orðið vör við almenna ánægju með þetta framtak bæjarins. Það kosti fjármuni en sé hluti af forgangsröðun sem taki mið af aðstæðum hverju sinni hvernig skattfé íbúanna er varið.

Sterk staða bæjarsjóðs

„Fjárhagsleg staða bæjarsjóðs er mjög sterk. Bærinn hefur greitt niður skuldir og engin ný lán hafa verið tekin undan farin ár. Rekstrarafgangur verður 8 milljónir króna, samkvæmt áætluninni. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er 54% sem er með því lægsta á landinu og fer lækandi“, segir Ásgerður. Hún þakkar góða rekstarafkomu starfsmönnum bæjarfélagsins sem hafa lagt sig fram um skilvirkan rekstur. Rúmur helmingur útgjalda aðalsjóðs bæjarins fer til fræðslumála. Þjónustan sem skólarnir veita er mjög góð, úttektir frá menntamálaráðuneytinu

Nesbúinn



Einu sinni tilheyrði Reykjavík Seltjarnarnesi!

Allar jólagjafirnar á einum stað

Ekki þvoelast um bæinn
þveran í leit að jólagjöfum.
Verslaðu heima í héraði
á hagstæðu verði.




bókakaffi
stúdentna

Í Bóksölu stúdentna á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdentna, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdentna.


KAUPFÉLAG
stúdentna

bóksala stúdentna

Viskubrunnur við Vatnsmýrina

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala



Ómenning við íþróttahúsið

Tíðindamenn Nesfrétta eiga oft leið um Suðurströndina og hafa á ferðum sínum veitt athygli ómenningu bifreiðaeigenda þegar kemur að því að leggja við íþróttahúsið og World Class.

Á meðfylgjandi mynd er bílum lagt upp á gangstéttir, og tveir eru upp á hringtorgi. Þar fyrir utan er oft lagt fyrir framan vatnshannan sem stendur upp við World Class. Benda má á að mörg stæði eru

við Tónó, Való og leikskólann sem hægt er að nota. Fólk sem er að leggja leið sína í hreyfingu og líkamsstyrkingu ætti ekki að muna um að rölja nokkra metra frá þessum bílastæðum í stað þess að troða bifreiðum hverri upp við aðra – jafnvel á stéttum sem eingöngu eru ætlaðar gangandi fólki. Ómenning getur falist í ýmsu. Líka í því hvernig fólk gengur frá ökutækjum sínum.

Gasmælar á Seltjarnarnesi

Komið hefur verið upp þremur gasmælum á Seltjarnarnesi. Þeir eru við grunnskólann, leikskólann og íþróttamiðstöðina. Þegar veðurvaktin hjá Veðurstofu Íslands spáir gasdreifingu um höfuðborgarsvæðið verður lesið af mælunum með jöfnu millibili og niðurstöður færðar inn á heimasíðu Umhverfisstofnunar, en hægt er að komast inn á þá síðu frá heimasíðunni seltjarnarnes.is

Á undanförunum vikum hafa stjórnendur og fulltrúar í bæjarstjórn Seltjarnarness sótt fundi hjá Almannafræðingafélagi höfuðborgarsvæðisins þar sem farið hefur verið yfir viðbragðsáætlanir vegna jarðhræringa við Bárðarbungu, eldgossins í Holurhauni og gasdreifingar. Einnig hefur almannafræðingafélagið kynnt sömu fulltrúum nýjar niðurstöður um hættumat á höfuðborgarsvæðinu. Það er von bæjaryfirvalda að með þessu móti getir íbúar á Seltjarnarnesi áttað sig betur á loftgæðum í sinni heimabyggð en Umhverfisstofnun hefur gefið út töflu sem tekur á áhrifum gasmenngunar á heilsufar fólks sem finna má uts.is. Samkvæmt henni er börnum og viðkvæmum ráðlagt að



Á myndinni má sjá Baldur Pálsson fræðslustjóra Seltjarnarness lesa af einum gasmælanna sem teknir hafa verið í notkun

forðast áreynslu utandrya þegar magn brennisteinstvíldis (SO₂) mælist yfir 600 míkrogrömmum á rúmmetra í andrúmsloftinu.

LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188


ÞÚ VERÐUR AÐ LESA ÞESSAR!



Kafbátahernaður seinni heimsstyrjaldarinnar er í hámarki og hinn þýski Günther Prien fer mikinn. Mögnuð bók úr smíðju metsöluhöfundarins Magnúsar Þórs Hafsteinssonar.



Bráðsmellnar sögur af skemmtilegum Skagfirðingum sem koma öllum í gott skap.



Mataruppskriftir frá landi mjólkur og hunangs. Hóllar og syndsamlega góðar.



Viðtalsbók við hreindýraskyttur þar sem hvert ævintýrið rekur annað.



Sagnameistarin Sigurður dýralæknir fer hér á kostum og hrifur alla með sér.

BOKATÖGAFANTÍ OLAR
holabok.is • holar@holabok.is

Tónlistarnemum bættur kennslutími

Samþykkt hefur verið tillaga frá stjórnendum Tónlistarskóla Seltjarnarness um að bæta tónlistarnemum í skólanum upp þá kennslu sem þeir urðu af vegna verkfalls félagsmanna FT í október og nóvembermánuði sl.

Með því móti verður komið til móts við þarfir nemenda skólans hvað nám og námsframvindu varðar og bættur sá skaði nemenda sem missir kennslu annars hefði í för með sér. Stjórnendur skólans munu ásamt kennurum sjá um skipulag þessarar kennslu, sem verður innt af hendi og að fullu lokið á vorönn 2015. Ekki kemur til



Frá útskrift Tónlistarskóla Seltjarnarness fyrir nokkru.

endurgreiðslu skólagjalda vegna verkfallsins. Bæjarráð fagnar til lögu skólastjórnenda um að bæta nemendum þá tíma sem féllu niður.

Seltjarnar- nes áfram í Útsvari



Seltjarnar-nes bar nýlega sigur út bítum í viðureign liðsins gegn Akranesi í sjónvarpsþættinum Útsvari á RÚV. Urðu lokatölur 68 - 59, Seltirningum í vil.

Akranes komst samt sem áður áfram í næstu umferð sem stigahæsta tapliðið. Sigurliðið skipuðu þau Stefán Eiríksson, Saga Ómarsdóttir og Karl Pétur Jónsson.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar



JS LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAVARJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Heilsa er gjöf sem gleður

Full búð af lífrænni næringu, snyrtivörum og nuddolíum. Íslensk arbönd og hálsmen. Gjafapakkningar.

JÓLA
TILBOÐ



Í BOÐI HÚSSINS
Desember glaðningur
fyrir viðskiptavini:
Grænn orkuþrykkur.

græn heilsa
heilsa til framtíðar

Heilsuráðgjöf og heilsumælingar. Opið 10-18, virka daga - Ægisíða 121 - Sími: 551 1717

Þurfum ávallt að vera á tánum

Bæjarfulltrúar minnihlutans, þ.e. Samfylkingar og Neslista sátu hjá við atkvæðagreiðslu um fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2015. Árni Einarsson, bæjarfulltrúi Neslista, tilgreinir í bókun að fyrir því liggi einkum tvær ástæður af hans hálfu. Annars vegar að ekki hafi náðst fram tillaga minnihlutans um 15% lækkingu leikskólagjalda og hins vegar að ekkert bóli á ákvörðun um endurbætur og viðbyggingu við íþróttamiðstöðina. Nesfréttir spurðu Árna nánar út í þessa þætti og fjárhagsáætlunina almennt.

„Það eru svo sem engin stórtíðindi eða breytingar í þessar áætlun og um hana er enginn meiriháttar ágreiningur. Eðlilega er áherslumunur í ýmsum málum en almenn samstaða um grunnþjónustu bæjarfélagsins og aðhald í rekstri. Við þurfum samt að tryggja að hún þjóni þörfum íbúa og tryggi góðar vinnuáðstæður fyrir starfsfólk bæjarins. Áætlunin verður að endurspeglar raunþörf til að reka þessa þjónustu vel. Málaflokkar eru almennt í járnum að öðru leyti en því að launaliðirnir hækka frá áætlun yfirstandandi árs. Meira tilfærslur á milli liða og ýmsir kostnaðarliðir í málaflokkum standa í stað í krónutölu og lækka því að raungildi haldist verðþróun svipuð og verið hefur undanfarið. Bæjarfulltrúar koma nú orðið allir að vinnslu og gerð fjárhagsáætlunar Seltjarnarnesbæjar og bæjarstjórn hefur setið fjölmarga vinnufundi síðastliðnar vikur þar sem farið hefur verið yfir gögn og forsendur. Á þessa fundi hafa einnig komið forstöðumenn sviða og farið yfir og skýrt einstaka rekstrarliði eftir því sem óskað hefur verið eftir. Þetta er vinnulag sem ég tel til fyrirmyndar í samskiptum meiri- og minnihluta í bæjarstjórn og stuðlar að vandaðri og gegnsæri stjórnsýslu.“

Álagningarstuðull fasteignaskatts lækkaður til þess að mæta hækkun á fasteignamat

Samkvæmt áætluninni lækkar álagningarstuðull fasteignaskatts úr 0,21% í 0,20%, eða um tæp 5%. Sú lækking skilar sér hins vegar ekki til bæjarbúa sem bein krónutölulækking, segir Árni, því tekjur bæjarsjóðs af fasteignagjöldum aukist um rúmlega 3% frá áætlun þessa árs. Fasteignagjöldin eru reiknuð út frá fasteignamat sem hefur hækkað umtalsvert á milli ára og því hefði hækkun gjaldanna orðið umtalsverð hefði stuðullinn ekki verið lækkaður.

Þú vilt lækka leikskólagjöld?

„Það er stefna Neslistans að leikskólagjöld á Seltjarnarnesi séu með þeim lægstu á höfuðborgarsvæðinu, eins og segir í bókun minni. Ég bendi þar einnig á að hátt fasteignaverð á Seltjarnarnesi gerir ungu fjölskyldufólki erfitt um vik að setjast að í sveitarfélaginu. Því þarf að koma með afgerandi og markvissum hætti til móts við þennan hóp og auðvelda honum búsetu í bænum, m.a. með lágum leikskólagjöldum og öðrum þjónustugjöldum vegna barna og ungmenna. Það er því ánægjulegt að tómsundastyrkir skuli hækka, fara úr 30 þúsundum í 50 þúsund.“

Lögðu til 15% lækkingu

„Bæjarfulltrúar minnihlutans lögðu til við lokagerð fjárhagsáætlunarinnar að leikskólagjöld yrðu lækkuð um 15% frá því sem nú er. Það eru mér mikil vonbrigði að sú tillaga náði ekki fram að ganga. Ekki síst í ljósi kosningaloforðs meirihlutans fyrir sveitarstjórnarkosningarnar fyrr á árinu um að lækka leikskólagjöld um 25%. Það er raunalegt að hefja kjörtímabilið á því að svíkja það loforð. Í umræðum á fundi bæjarráðs 20. nóvember síðastliðinn var opnað á að skoða



Árni Einarsson.

lækkingu leikskólagjalda þegar líður á næsta ár. Ég vona að það gangi eftir.“

Þú gerir í bókun þinni athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum við íþróttamiðstöðina?

„Eins og fram kemur í bókuninni var samstaða innan bæjarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 um að fresta endurbótum og viðbyggingu við íþróttamiðstöðina til næsta árs og nota tímann til þess að undirbúa þá framkvæmd enn betur. Það var gert. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 var, þrátt fyrir það, heldur ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna verkefnisins. Sama staða er enn í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2015 og framkvæmdir við íþróttamiðstöðina ekki á dagskrá næstu ár ef marka má þriggja ára fjárhagsáætlun bæjarins. Þetta er ein brýnasta framkvæmd sem býður okkar. Núverandi ástand er t.d. óviðunandi fyrir fimleikadeild Gróttu og veldur þeim sem halda starfinu þar úti miklum vandræðum. Ég hef því lagt til með formlegum tillögum bæði í bæjarráði og bæjarstjórn að sölutekjum bæjarsjóðs vegna sölu lóðarinnar að Hrólfsskálamel 1-7 verði varið

til þessa verkefnis í samræmi við tillögur sem settar eru fram í skýrslu sem lögð var fram á fundi bæjarstjórnar þann 25. september 2013. Það er miður að þessu brýna verkefni skuli enn á ný skotið á frest og neikvæð skilaboð til þess mikla fjölda sjálfbóðaliða sem heldur uppi íþróttastarfinu í bænum.“

Minnihlutinn sat einnig hjá við afgreiðslu þriggja ára fjárhagsáætlunarinnar?

„Við bæjarfulltrúar Neslista og Samfylkingar sátum hjá við afgreiðslu þriggja ára fjárhagsáætlunar bæjarins með sameiginlegri bókun. Þar bendum við á mikilvægi þess að þriggja ára fjárhagsáætlun bæjarins sé ítarleg og endurspegli framtíðarsýn og áherslur Seltjarnarnesbæjar um þjónustu og uppbyggingu. Okkur finnst þessi áætlun ekki standa undir því nafni heldur sé eingöngu verið að uppfylla lagskyldu og engin tilraun gerð til að leggja mat á þarfir og þróun samfélagsins til næstu ára.“

„Þurfum ávallt að vera á tánum“

„Verkefni, þjónusta og skyldur sveitarfélaga er vissulega að stórum hluta niðurnjörvuð í lögum. Þrátt fyrir það er svigrúmið sem sveitarfélögin hafa í þjónustu og forgangsröðun umtalsvert. Kröfur fólks og þarfir breytast. Því þurfa sveitarfélögin að mæta og vera ávallt á tánum. Dæmi um slíka breytingu er aukin umferð gangandi vegfarenda, aukin notkun á almenningsgangum og aukin notkun reiðhjóla, bæði til samgangna og útivistar. Við hér á Nesinu þurfum að mæta þessu t.d. með því að breikka og aðskilja hjóla- og göngustíga og bæta aðstöðu hjóla- og göngustíga við stofnanir bæjarins, s.s. með hjólastöndum og hjólaskýlum. Ég vona að þess muni sjást áþreifanleg merki á næsta ári,“ segir Árni Einarsson bæjarfulltrúi Neslista.

17 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



Hæ 

*Elsku nágranni. Við vildum bara láta þig vita
að við erum komin í hverfið þitt, nánar
tiltekið á **Eiðistorg**. Hlökkum til að sjá þig!*

FRANZ THOMA - SJÁ

Opið fyrir þig

Alla virka daga
frá 10–18

www.apotekarinn.is
Sími: 562 8900

Apótekarinn⁺
- lægra verð

Besta hráefni í boði

- í Leik- og Grunnskóla Seltjarnarness

Allir málsverðir í Leikskóla Seltjarnarness eru samkvæmt opinberum ráðleggingum hvað varðar hráefnisval og matreiðslu. Í mótuneytum Leik- og Grunnskóla Seltjarnarness er matseðillinn samsettur með tilliti til leiðbeininga Embættis landlæknis og kappkostað er við að velja hollar fæðutegundir í samræmi við ráðleggingar embættisins. Í ljósi umræðu er full ástæða til að geta um þetta.

Fiskur er á boðstólum tvisvar sinnum í viku, kjöt er ferskt og óblandað og grænmetisréttir eru jafnan á borðum. Skólamótuneyti Seltjarnarnesbæjar eru tekin út árlega af óháðum matvæla- og næringarfræðingi og úttektarskýrslur birtar á heimasíðum skólanna. Undanfarin ár hefur niðurstaða úttektarinnar sýnt að nánast alltaf er farið eftir opinberum ráðleggingum hvað varðar hráefnisval og matreiðslu. Sykurnotkun er nánast engin og boðið er upp á besta hráefnið. Engin áform eru um að slá af gæðum skólamáltíða á Seltjarnarnesi.

Davíð Ingi og Lovísa hlutu bókaverðlaun barnanna

Bókaverðlaun barnanna voru afhent 2. desember í Bókasafni Seltjarnarness en vinningshafarnir voru Davíð Ingi Másson og Lovísa Scheving. Um er að ræða verkefni sem almenningsbókasöfn og skólabókasöfn um land allt taka þátt í fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára.

Veggsþjald með bókum ársins er gefið út og velja börnin 1 til 3 bækur sem þeim finnast skemmtilegastar og skila inn á atkvæðaseðli. Atkvæði eru talin á landsvísu og verðlaunabækurnar, ein frumsamin og ein þýdd fá verðlaun. Á Seltjarnarnesi verðlauna bókasafnið og skólabókasöfnin tvo þátttakendur, en hátt á þriðja hundrað barna á Nesinu tók þátt. Bækurnar sem fyrir valinu urðu, og vinningshafarnir voru leystir út með, eru Rangstæður í Reykjavík eftir Gunnar Helgason og Amma glæpon eftir D. Walliams í þýðingu Guðna Kolbeinssonar.



Davíð Ingi og Lovísa með verðlaunapakkana.

Blóm jólaanna



- Jólatúlípanar
- Ilmandi Hyacinthus
- Glitrandi jólavendi

Blómagallerí

Gleðileg jól!

Hagamel 67 • S: 552 6070

Vegna fjárhagsáætlunar 2015

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 liggur nú fyrir og hefur verið samþykkt af hálfu meirihlutans í bæjarstjórn. Margt jákvætt má sjá í þessari áætlun eins og hækkun tólmstundastyrkja, lækkun fasteignaskatts, sumarstörf fyrir námsmenn og þessu öll ber að fagna. Það eru hins vegar nokkur atriði í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 sem gerðu það að verkum að bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar auk bæjarfulltrúa Neslista sátu hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar.

Eins og fram hefur komið í tilkynningum frá bænum að þá hefur minnihluti bæjarstjórnar tekið þátt í samráðsfundum við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2015 var m.a. lögð fram tillaga af hálfu meirihlutans um lækkun leikskólagjalda um 5,6%. Þessi lækkun er hins vegar í engu samræmi við þau kosningaloforð sem gefin voru sl. vor af hálfu Sjálfstæðisflokksins og lögðu bæjarfulltrúar minnihlutans því fram tillögu við lokagerð fjárhagsáætlunar að leikskólagjöld yrðu lækkuð um 15%. Það kom því mjög á óvart að tillaga þessi náði ekki fram að ganga ekki síst í ljósi þess að kosningaloforð meirihlutans fyrir sveitarstjórnarkosningarnar voru að lækka leikskólagjöld um heil 25% og koma þannig til móts við barnafjölskyldur á Seltjarnarnesi.

Ekki gert ráð fyrir kostnaði við íþróttamiðstöðina

Þá er ekki gert ráð fyrir kostnaði á endurbótum og viðbyggingu við íþróttamiðstöðina í fjárhagsáætluninni líkt og í fjárhagsáætlun síðasta árs. Ekkert er heldur minnst á íþróttamiðstöðina í þriggja ára fjárhagsáætlun bæjarins og ljóst að ekkert liggur fyrir um framkvæmdir eða langtímaáætlun varðandi þetta verkefni og er það ekki í neinum farvegi.

Þá hafa bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar miklar áhyggjur af uppsafnaðri viðhalds- og framkvæmdapörf innan bæjarins. Ekki hefur verið staðið við framkvæmdaáætlanir og má t.d. nefna að enn hefur ekki verið ráðist í að ljúka við dælustöðina við Elliða sem hefur verið á fjárhagsáætlun bæjarins í mörg ár og loforð um framkvæmdir hafðar að engu hvað eftir annað. Nú síðast átti framkvæmdum að vera lokið fyrir áramótin 2013. Bæjarfulltrúar minnihlutans hafa ítrekað bent á og lagt áherslu á að þessum framkvæmdum verði lokið hið fyrsta án nokkurs árangurs.

Þriggja ára fjárhagsáætlun

Minnihluti bæjarstjórnar hefur í gegnum árin bent á mikilvægi þess að þriggja ára



Margrét Lind Ólafsdóttir.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

fjárhagsáætlun bæjarins sé ítarleg og endurspegli framtíðarsýn og áherslur Seltjarnarnesbæjar um þjónustu og uppbyggingu. Með þeirri þriggja ára fjárhagsáætlun sem lögð var nú fram var eingöngu verið að uppfylla lagskyldu og engin tilraun gerð til að leggja mat á þarfir og þróun samfélagsins til næstu ára eða framtíðarsýn Seltjarnarnesbæjar. Þetta er miður. Við í Samfylkingunni á Seltjarnarnesi óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Margrét Lind Ólafsdóttir
Guðmundur Ari Sigurjónsson



Tengjum inn á við
og hvent við
annað!



LÍFRÆNN & SMART

Vandaður jóga/þæginda/hversdags/sparifatnaður úr lífrænni, sterkri "Fair Trade" bómull.

Ómóttstæðilegur alla leið.



SLÖKUN Í PYNGDARLEYSI

Gefandi og skerpri sköpunargáfuna.

Flotahetta og fótaflot: 17.900 kr.



BAGGU – LUNGNAMJÚKT LEÐUR

Gamaldags sútunaraðferð. Umhverfisvænni en almennt tíðkast.

SVARTAR, MAHÓNÍ, RAUÐAR, TÚRKÍS OG SILFUR.



MANDUKA ERU TAJ MAHAL JÓGADÝNANNA

6. teg og úrval fylgihluta:

Jógadýnur
Jógatöskur
Jógahandklæði
Jógakubbar
Jógapúðar
Jógabönd
Jólaskapið

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16

Menningar- og hátíðardagskrá í Bókasafninu

Hátíðarstemning ríkti í Bókasafni Seltjarnarness fyrstu vikuna í desember en þá var haldin þar aðventusund þar sem höfundar lásu úr bókum sínum, jólkortagerð fór fram, kórsöngur hljómaði og barnabókaverðlaun voru afhent.

Sirry Arnardóttir kom í heimsókn og las úr bók sinni og strengjasveit

Helgu Þórarinsdóttur, sem skipuð er nemendum og kennurum úr Tónlistarskóla Seltjarnarness, hélt jólatónleika. Í lok nóvember fór svo fram í bókasafninu hin árvissa höfundakynning þar sem fullt var út úr dyrum eins og endranær.

Hér má sjá svipmyndir frá viðburðunum.



SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 - 18:30

36



Það eru 30-36 flokkunarmöguleikar á endurvinnslustöðvum SORPU. Þú getur nálgast ítarlegar flokkunarleiðbeiningar á sorpa.is.



Komdu við á næstu endurvinnslustöð og náðu þér í nýtt dásamlegt dagatal sem inniheldur m.a. flokkunartöflu SORPU fyrir árið 2015.

LEGGUR ÞÚ ÞITT AF MÖRKUM?

flokkum og skilum
flokkunartafla

SORPA

FLOKKUNARNEIÐ	FLOKKUR	HEIÐTNI	FRÁGANGUR	HYST Á AÐ SKILA	ENDURVINNsla
	<ul style="list-style-type: none"> Byggingar, vefur, pappur og fermetur Plastkerandi 	<ul style="list-style-type: none"> Pappkerandi, pappur, plast, fermetur, pappkerandi og fermetur (þarft að fara með) Allur plastkerandi fermetur, álfur, bakur o.s.f. 	<ul style="list-style-type: none"> Leggja saman í skilmerkislegri haka fermetur Tanna við þessa fermetur í all mörku rými 	<ul style="list-style-type: none"> Á endurvinnslustöð SORPU. Í hátt gæmslufermi eða í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. Í gæmslufermi eða í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Hjálpsamlegur, þvottur og skilmerkislegur aðferðir og skilmerkislegur Flöskur eru að skila fermetur, bakur o.s.f.
	<ul style="list-style-type: none"> Metallkerandi fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Hálfkerandi, skilmerkislegur, fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Fermetur og skilmerkislegur fermetur í hátt gæmslufermi eða í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Á endurvinnslustöð SORPU. Fermetur fer í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Hjálpsamlegur og skilmerkislegur fermetur í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU.
	<ul style="list-style-type: none"> Metallkerandi fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Metallkerandi, skilmerkislegur, fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Leggja saman í hátt gæmslufermi eða í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Á endurvinnslustöð SORPU. Fermetur fer í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Hjálpsamlegur og skilmerkislegur fermetur í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU.
	<ul style="list-style-type: none"> Metallkerandi fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Metallkerandi, skilmerkislegur, fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Leggja saman í hátt gæmslufermi eða í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Á endurvinnslustöð SORPU. Fermetur fer í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Hjálpsamlegur og skilmerkislegur fermetur í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU.
	<ul style="list-style-type: none"> Metallkerandi fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Metallkerandi, skilmerkislegur, fermetur og skilmerkislegur 	<ul style="list-style-type: none"> Leggja saman í hátt gæmslufermi eða í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Á endurvinnslustöð SORPU. Fermetur fer í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU. 	<ul style="list-style-type: none"> Hjálpsamlegur og skilmerkislegur fermetur í flöskunum í endurvinnslustöð SORPU.

Hjálfari upplýsingar um flokkunartöflu á www.sorpa.is | Also available in english on www.sorpa.is

OPIÐ mán-fös 12.30-19.30
Breiðhella opnar 8.00

lau-sun 12.00-18.30

Veldu vistvænan lífsstíl



Áramótabrennan á Valhúsaheð hefst kl. 20.30



www.seltjarnarnes.is

Hermann Arason stýrir fjöldasöng.

Sjáumst í hátíðarskapi.

Seltjarnarnesbær óskar bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Viðtal við Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Finnst gaman að ná árangri

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Hann er alin upp sunnan í Valhúsaahæðinni á Seltjarnarnesi og bjó á Nesinu nær því frá fæðingu 1950 til 1971 og svo aftur síðar.

„Ég tel mig eins innfæddan á Seltjarnarnesi og hægt er að vera. Ég er reyndar fæddur á Þórsstötu 10 í Reykjavík sem var einskonar fjölskylduhús Aðalheiðar Sigurgeirsdóttur móður minnar. Hún og hennar systkini ólust þar upp og hófu búskap. Þetta var um miðja síðustu öld og faðir minn Vilhjálmur H. Vilhjálmsson var búin að reyna að fá byggingarlóð í Reykjavík. Á þessum árum var ekki auðvelt að fá lóðir í borginni. Skipulagt land var enn af skornum skammti, pólitíkin réð miklu um lóðaúthlutanir og pabbi var ekki nógu innmúraður í Sjálfstæðisflokknum. Lóðaleitin endaði því þannig að hann festi kaup á lóð í Bakkalandinu sunnan í Valhúsaahæðinni á Seltjarnarnesi. Þar fengum við fjölskyldan ekki aðeins land til þess að búa okkur heimili heldur hálfgerða sveit og frábært útsýni út á Skerjafjörð með kvöldsólinu skínandi inn um stofugluggana úr vestri. Sveitin hefur aldrei verið langt frá mér því ég er ættaður út Aðalvík og rækta rætur mínar vestra. Faðir minn var fæddur á Sæbóli í Aðalvík og ég, systkini mín, börn og barnabörn förum þangað á hverju sumri. Við eigum steinhúsið á Sæbóli sem afi minn byggði. Okkur finnst gott að koma þangað og njóta kyrrðarinnar. Og svo get ég ræktað sambandið við skyldmennin – yndislegt fólk fyrir vestan.“

Nesið var eins og sveit

En víkjum að Nesinu. „Þá bjuggu um 600 manns á Seltjarnarnesi og byggðin skiptist að miklu leyti í þrjú hverfi,“ segir Vilhjálmur. „Lambastaðahverfið næst Reykjavík. Mela- og Skólabrautin vestast voru að byggjast og síðan byggðin sunnan í Valhúsaahæðinni þar sem við áttum heima. Svo var fullt af býlum og sumstaðar var stundaður búskapur. Á Bakka var bú og í Nesi var stórt kúabú. Mig minnir að þá hafi verið um 100 nautgripir í Nesi.“ Vilhjálmur segir Gróttu hafa verið hreint ævintýraland. „Við fórum mikið þangað út eftir. Við þurftum að vinna traust Alberts vitavarðar sem gætti alls er þar var eins og



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

það væru sjáöldur augna hans. Einkum var Albert annt um fuglalífið og við máttum ekki styggja fuglana. En þegar traustið var komið reyndist hann okkur vel og stundum fengum við að sitja með honum þegar hann var að skjóta sér skarf í matinn. Suðurnesið hafði líka aðdráttarafl en þar var lögreglan með æfingasvæði.“

Frelsið var dýrmætt

Vilhjálmur segir að frelsið hafi verið eitt það dýrmætasta sem hann naut í uppeldinu á Seltjarnarnesi. „Við vorum mikið úti. Lékum okkur úti á kvöldin, gátum eiginlega gert allt sem okkur langaði til. Við gerðum bara það sem okkur langaði til og við þorðum. Ég man að við ruddum lítinn malarvöll á Valhúsaahæðinni og svo voru fiskitrönur uppi á Valhúsaahæð sem við gátum hlaupið ofan á. Við vorum stundum að veiða og fórum með fleka út að sigla og einnig á ísjökum á veturna. Auðvitað voru hættur. Við duttum í sjóinn en við lærðum að varast þær og ég man

lauk. Oftast þegar líða tók á maí og kom þá inn í miðjan sauðburðinn í sveitinni. Ég kem þangað á sumrum og er þriðji ættliðurinn frá Stefáni og Ragnheiði sem ég var kúasmali hjá með búskap á jörðinni.“

Þrísatt í gamla Mýró

„Skólagangan byrjaði í gamla Mýrarhúsaaskóla. Það voru þrjár kennslustofur í gamla skólahúsinu og mig minnir að stundum hafi verið þrísatt í skólann. Svo kom nýi skólinn aðeins niður með Nesveginum og gamla húsið varð að hreppsskrifstofu. Í tíu, ellefu og tólf árabekknun nutum við þess að hafa mjög góðan kennara. Hún hét Ólöf Pétursdóttir og var bónadadóttir norðan af Vatnsnesi. Hún hjálpaði okkur til þess að komast til nokkurs þroska. Ég man ekki hvað hún var gömul. Trúlega á þrítugsaldri eða komin um þrítugt en okkur fannst að hún hlyti að vera gömul. Aldursmatið er dálítið sérstakt þegar maður er tíu og tólf ára.“ Svo tók miðbærinn við eða unglíngastigið eins og það var kallað. „Við fórum í Gaggó Vest en hann var þá í lónaðarmannahúsinu við Tjörnina. Þar tók ég landsprófið. Landsprófið var erfitt próf. En því var komið á 1946 til þess að jafna stöðu fólks til náms. Þá voru aðeins þrjár menntaskólar í landinu, MR, MA á Akureyri og Menntaskólinn á Laugarvatni. Framboðið var því takmarkað og nokkur klíkuskapur var í kringum hver komust í menntaskóla og hverjir ekki. Margir stjórnálamenn voru andsnúnir því að fjölga menntaskólum. Einn þeirra var Jónas Jónsson frá Hriflu en hann hafði veðjað á skandinavíska lýðháskólakerfið fyrir Íslendinga og byggt alþýðuskólana upp á þeirri hugmyndafræði. Það voru vinstri menn sem komu landsprófinu á en það varð til í ráherratíð Brynjólfs Bjarnasonar sem taldi réttilega að með því myndi námsáhrugi og námsgeta ráða hverjir færu í framhaldsnám í stað ættartengsla og klíkuskapar. Árin fjögur í MR voru afar fjölbreytt, fóru að hluta til í að lesa góðar bækur, spila bridge og mennta sig í besta skilningi þess orðs. MR var frábær skóli.“

Úr félagsfræði í lögfræði

Svo kom að því að ráða í framtidina. „Já – maður þurfti að fara að huga að henni. Ég starfaði við eitt



Neðri röð frá vinstri. Ársæll Árnason, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Árni Indriðason og Ingi H. Vilhjálmsson. Efri röð. Sigurður Indriðason, Kristinn Skúlason, Dagný Þorfinnsdóttir, Anna Sigríður Indriðadóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. Myndin er tekin undir húsvegg á Melabraut 16, nú líklega Skólabraut 16 um 1962.

og annað á menntaskólaárunum. Vann í byggingavinnu, við rafliunagnir og var þrjú löng sumur á togara. Þar voru tólf tíma vaktir á dekki og sex tíma í koju síðasta sumarið. Dekkið var opið og maður þurfti að beygja sig eftir hverjum fiski til að gera að. Eftir það var ekkert erfitt. Svo varð ég að velja mér háskólanám. Þá var félagsfræðideildin nýlega stofnuð við Háskóla Íslands og úr varð að ég fór í hana. Þetta var mjög skemmtileg deild og námsvalið fjölbreytt – sett saman úr ýmsum greinum. Þarna kynntist ég líka skemmtilegum kennurum. Mönnum á borð við Ólaf Björnsson hagfræðing, Harald Ólafsson mannfraeðing, Ólaf Ragnar Grímsson stjórnmálafræðing og nú forseta Íslands og Þorbjörn Broddason félagsfræðing ásamt erlendum kennum sem vikkuðu sjóndeildarhring manns. Ég tók vorprófin í deildinni en það ríkti nokkur óvissa um framtíð hennar. Ég yfirgaf hana þó ekki alveg í bili en færði mig líka yfir í lögfræðina. Árið eftir var Sigurður Lindal prófdómari í stjórnmálafræði í félagsfræðideildinni og prófessor í almennri lögfræði. Þá fannst mér tímabært að snúa mér alfarið að lögfræðinni. „Vilhjálmur segir það hafa verið nokkur viðbrígd að fara úr félagsfræðinni yfir í lögfræðina. „Félagsfræðin var lifandi fag en fyrstu tvö árin í lögfræði gátu nú ekki talist mjög líflæg og lögfræðin fremur þurr. En þegar leið á námið breyttist það og varð skemmtilegra. Nei - það hvarflaði aldrei að mér að snúa til baka. Ég kynntist

Sigurði Lindal vel eftir að ég náði almennu lögfræðinni og við urðum góðir vinir. Sigurður er skemmtilegur maður og frábær lögfræðingur. Alltaf heill.“

Finnst gaman að ná árangri

Háskólaár Vilhjálms einkenndust af umbrotum og stúdentapólitíkin var hörð. „Ég tók alltaf þátt í stúdentapólitíkinni af fullum krafti. Við kölluðum okkur vinstrimenn og vorum nokkuð róttækir. Við vorum líka með meirihluta í pólitíkinni í Háskólanum á meðan ég var þar við nám. Svo lauk ég lögfræðinni 1976 og fór að vinna hjá Garðari Garðarssyni lögmanni og hef verið í þessu síðan utan um hálf ár sem ég sinnti störfum borgarlögmanns. Ég stoppaði stutt við hjá borginni. Fann að það átti ekki vel við mig. Starfið snérist að miklu leyti um stjórnsýslu og mikill tími fór í fundarsetur. Ég hef aftur á móti alltaf haft gaman af lögmannsstarfinu. ÉG hef sérhæft mig í váttryggingar- og skaðabótamálum og finnst gaman að ná árangri. Oft skiptir niðurstaða skaðabótamála miklu fyrir skjólstæðingana og það er ánægjulegt fyrir mig sem lögmann að finna að það sem ég er að gera skiptir máli. Þetta fólk kann líka að þakka fyrir sig. Það gera fyrirteki síður.“

Sérstakt að koma til Norður Kóreu

Vilhjálmur er ferðagarpur og hefur farið nokkuð ótroðnar slóðir í vali ferða. Heimsótt lönd sem leiðir

manna liggja jafnan ekki til og séð eitt og annað sem kann að vera hinum framandi manni forvitnilegt. „Ég hef átt nokkur samskipti við breska ferðaskrifstofu, Exodus sem skipulegur ferðir til landa sem eru afskekkt í mannhuganum og fólk leggur jafnan ekki leiðir sínar til. Ég hef gaman af því að sjá eitthvað sem er öðruvísi en jafnan er fyrir

augum manns. Eitt þessara landa er Norður Kórea.“ Hvernig var að koma þangað greip tíðindamaður inn í. „Það var mjög sérstak að koma til Norður Kóreu og sjá og upplifa alla þá niðurníðslu sem er í landinu. Það er engu líkara en að tíminn standi ekki í stað heldur gangi aftur á bak. Það er mikil hungursneyð í landinu og grátlegt að sjá fiskiskipin bundin við bryggju vegna þess að engin olía er til að gangsetja þau. Fararstjórinn okkar var breski ræðismaðurinn og hann sagði að til marks um efnahagsbata í landinu væri mikil fjölgun reiðhjóla. Fólk væri farið að hjóla í stað þess að fara um fótgangandi. Ég fór líka til Hvíta Rússlands. Þar ríkir svartasta afturhald og öll völd eru í höndum Lukasjenko einræðisherra. Þar hefur ekkert breyst frá tímum Sovétríkjanna og helsti atvinnuvegurinn er að smygla olíu og bensíni sem þeir fá frá Rússum út úr landinu. Já – ég hef alltaf haft áhuga á svoltið skritnum löndum, að upplifa eitthvað sem er allt öðruvísi en maður er vanur. Ég fór líka um suður Ítalíu. Hún er vissulega allt öðruvísi en þessi lönd alræðisins sem ég var að tala um. Ég hélt áður að suðurlutinn væri einkonar ruslakista Ítalíu en komst að allt öðru eftir að hafa hjólað um þennan falletta landshluta. Nú langar mig að fara til Moldovu sem liggur á milli Rúmeníu og Úkraínu. Mér skilst að þar sé svona gleymt land þar sem fátt hafi breyst frá dögum Sovétríkjanna,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður.



Rauða ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



Guðný með tónleika í Seltjarnarneskirkju

Guðný Guðmundsdóttir fiðuleikari og konsertmeistari efirir til tónleika í Seltjarnarneskirkju 21. desember n.k. kl. 16.00. Efnisskrá tónleikanna verður í höndum bæði núverandi og fyrrverandi nemenda Guðnýjar.

Fyrst munu verða flutt nokkur samspilsatriði nemenda hennar auk hennar sjálfar en í lokin verður leikin alveg splunkuný útsetning af Scacconnu Bachs, sem er eitt frægasta verka hans fyrir einleiksfiðlu. Bjarni Frímánn Bjarnason er búinn að gera glæsilega útsetningu fyrir fiðlukór með víólum. Guðný kveðst vera að húa í alla fyrrverandi nemendur til að taka þátt og telur heimtur verði bara góðar. Margir séu þó uppteknir og sumir ekki staddur á landinu.



Guðný Guðmundsdóttir fiðuleikari og konsertmeistari.

Dagur íslenskrar tungu í Mýró



Nemendur og starfsfólk Mýró héldu dag íslenskrar tungu hátíðlegan að vanda með samkomu á sal skólans.

Að þessu sinni komu góðir gestir þegar elstu börnin á Leikskólanum komu á eina sýninguna. Fyrstu bekkingar sungu íslensk lög, 3. bekkingar sýndu leikþátt um ævi Jónasar Hallgrímssonar og


5. bekkingar fóru á kostum þegar þeir fluttu söngleik um landnám Íslands undir stjórn Ingu Bjargar tónmenntakennara og Elisabetar Brekkan, sem samdi söngleikinn.

Hátt í 40 nemendur úr 5. og 6. bekkjum heimsóttu svo allar deildir leikskólans og lásu fyrir krakkana þar.

Matur og vín:

Jólin nálgast og margur er farinn að hugleiða hvað skal nú hafa í matinn á jólinum. Hjá mörgum er slíkt í föstum skorðum og jafnvel löngu ákveðið hvaða veisluréttur verður á jólaborðinu. Hitt er oft erfiðara hvaða ljúfa vín skal hafa með hátíðarréttinum. Því gerum við bragð úr ellefta boðorðinu í ár og sleppum uppskriftum. Þess í stað leggjum við sérstaka áherslu á hvaða vintegundir passa best með jólamatnum.

HAMBORGARHRYGGUR



Masi Campofiorin
– Veneto – Ítalía
2.899 kr.

Kirsuberjarautt.
Meðalfylling, ósætt, fersk
sýra, mild tannin.
Þurrkaðir ávextir, kirsuber,
krydd, vanilla.



Rosemount Cabernet /
Merlot - Ástralía
2.299 kr.

Rúbínrautt.
Létt meðalfylling, þurr,
mild sýra, mild tannin.
Sælkennur berjablámi,
plóma.

NAUTASTEIK



Piccini Memoro
– Ítalía
1.999 kr.

Dökkúbínrautt.
Þétt fylling, þurr, fersk
sýra, þroskuð tannin.
Sælgætiskennur berjablámi,
vanilla, eik.



Rosemount Shiraz
– Ástralía
2.560 kr.

Rúbínrautt.
Meðalfylling, ósætt, fersk
sýra, mjúk tannin.
Brómber, mint, plóma.

FLUGELDASALA BJÖRGUNARSVEITANNA



28. des. Kl. 10-22
29. des. Kl. 10-22
30. des. Kl. 10-22
31. des. Kl. 8-16
BJÖRGUNARMIDSTÖÐ
VIÐ BAKKAVÖR



BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES

*Gleðileg jól
og
þarsælt komandi ár!*



*Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda bæjarbúum
jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða*

Nú færðu
fríar litaprufur
við val á nyrri málningu



Borgartún 22 | Dugguvogur 4
Dalshraun 11 | Furuvellir 7, Akureyri

www.slippfelagid.is

Að hámarki 3 prufur á mann

Ásgerður með í áheiti Barnaheilla



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri í jólapeysunni.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi mætti á bæjarstjórnarfund í jólapeysu sl. mánudag. Ástæða þess er að Leikskóli Seltjarnarness er einn sex leikskóla landsins sem hefur verið valinn sem frumkvöðlaleikskóli til þess að nota forvarnarverkefnið Vináttu frá Barnaheill í vetur.

Vinátta er forvarnarverkefni gegn einelti frá Barnaheill en Leikskóli Seltjarnarness er

einn af sex leikskólum sem var valinn sem frumkvöðlaleikskóli til að nota verkefnið veturinn 2014 til 2015. Ásgerður tók þátt í jólapeysuátaki Barnaheilla til að fjármagna þetta skemmtilega verkefni og mætti í jólapeysu í leikskólann auk þess að mæta í henni á bæjarstjórnarfundinum. Peysan er rauð og vel skreytt með jólakúlum og jólatré sem féll vel í kramið hjá unga fólkinu.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / ásklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slíftflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



BÍLAGALLERÍ

Bílasala Seltjarnarness

Löggild bílasala - 20 ára starfsreynsla.

Hagstæð sölulaun og
20 % eldri borgara afsláttur.

Skráðu bílinn frítt
á staðnum,

heimasiðunni eða í síma.

Góð sala - vantar alltaf bíla!



Asberg Helgi Helgason
Löggitur bifreiðasali.

Bílagallerí bílasala ■ Fiskislóð 16 ■ 101 Rvk
www.bilagalleri.is ■ Sími 554-6700.

*Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.*

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk

Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA

EIÐSTORGI 13 - 15

SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

Geymið auglýsinguna

Parket

Er þinn parketmaður! APV

Sérgrein mín í 30 ár
Parketlagn - parketslípun og viðgerðir
Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er.
Skoðum og metum og margt fleira.
Leitið betri tilboða - Vertu í góðum málum

3M ÞEGAR GÆÐIN SKIPTA MÁLI 3M

Falleg gólf ehf • golfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíó 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Tilvalin jólagjöf fyrir börn og fullorðna



STÍGVÉLABÚÐIN

NOKIAN

FOOTWEAR

Álfabakka 14a í Mjódd
109 Reykjavík • Sími: 527 1519



www.facebook.com/nokianstigvelabudin

Helgiöld um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju

21. desember

Guðsþjónusta og sunnudagas-
kóli kl. 11. Selkórinn syngur undir
stjórn Oliver Kentish. Sr. Bjarni
Þór Bjarnason, sóknarprestur,
þjónar. Friðrik Vignir Stefánsson
er organisti. Kaffiveitingar.



23. desember - Þorláksmessa

Jólastund við kertaljós á Þor-
láksmessukvöldi kl. 22-23. Friðrik
Vignir Stefánsson leikur á orgelið.
Eygló Rúnarsdóttir, mezzosopran,
syngur jólasálma

26. desember - annar dagur jóna

Helgistund kl. 10 í tengslum við
kirkjuhlaupið.

28. desember

Samkirkjuleg guðsþjónusta
kl. 11. Helgi Guðnason prédikar.
Sóknarprestur þjónar ásamt full-
trúum kristinna trúfélaga. Organ-
isti kirkjunnar leikur á orgelið.
Kaffiveitingar.

31. desember - gamlársdagur

Heitt súkkulaði og piparkökur
kl. 20.30 - kl. 22. Organisti kirkjun-
nar leikur á orgelið áramótalög.
Þeir sem koma af eða fara á
brennu geta komið við í kirkjunni,
hlýjað sér og fengið hressingu.

1. janúar. Nýársdagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sóknarprestur þjónar. Ræðu-
maður, Styrmir Gunnarsson rit-
stjóri. Organisti kirkjunnar leikur
á orgelið. Kammerkór Seltjar-
narnarneskirkju syngur. Halldór
Unnar Ómarsson syngur einsöng.

4. janúar

Léttmessa kl. 11.

25. desember - jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. María Ágústsdóttir,
héraðsprestur, þjónar. Organ-
isti er Friðrik Vignir Stefánsson.
Kammerkór Seltjarnarneskirkju
syngur. Þóra Hermannsdóttir
Passauer, syngur einsöng.

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Í nóvember mánuði og nú aðdrag-
anda jólaanna hefur mikið verið umleikis
í félags og tómstundastarfi hjá eldri
bæjarbúum. Mikið hefur verið unnið
á námskeiðum bæði í gleri og leir og
búnar til jólagjafir í stórum stíl. Búið
er að fara í kvikmyndhús, leikhús, baka
piparkökur í Selinu, fara á jólabasar á
Reykjalund svo eitthvað sé nefnt.



Fimmtudagskvöldið 27. nóvember var svo haldið aðventukvöld í salnum á Skólabraut. Kvöldið var vel lukkað, mjög góður matur sem fenginn var frá Veislunni, glæsilegur kvartett skipaður tveimur þörum söng falleg jólalög, Þorvaldur spilaði á nikkuna bæði fyrir söng og dansi og svo var auðvitað happdrættið á sínum stað með glæsilegum vinningum að venju. Ekki má gleyma jólatrénu sem stendur skreytt í salnum á Skólabrautinni, en á því er eingöngu skraut sem unnið er af handavinnukonunum okkar. Nú um miðjan mánuðinn fer að hæg-
jast um í félagsstarfinu. Síðasti námskeiðsdagur í leir og gleri og síðasti handavinnudagur fyrir jól er miðvikudagurinn 17. desember og þann dag verður kaffítíminn á Skólabraut með jólalegu yfirbragði þ.e. heitt súkkulaði og rnadalínur. Námskeið og önnur starfsemi hefst aftur miðvikudaginn 7. janúar 2015 og nýtt dagskrárblað (janúar – júní) verður borið út til allra eldri bæjarbúa nú í byrjun janúar. Ath. síðasti jógatími fyrir jól er mánudagurinn 15. desember og fyrsti jógatíminn á nýju ári er fimmtudagurinn 8. janúar.

Það skal tekið fram að kaffikrókurinn er á sínum staða alla virka daga kl. 10.30.

Gerum okkur far um að gæða tímann sem framundan er gleði, friði og tilhlökkun og njótum samvasta við okkar nánasta fólk og umhverfi.

Félags og tómstundasvið óskar ykkur öllum gleðilegrar hátíðar árs og friðar.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla
og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Munið að panta tímalega fyrir jólin.

Hlynur, Sara, Anna og Edda

**Stofa fyrir alla
fjölskylduna.**

Næg bílastæði



Þór Sigurgeirsson
thor@vordur.is
Sími 514 1024 | 824 1024

TRYGGINGAR!

Tilboð og fagleg tryggingaráðgjöf fyrir heimili,
einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mjög mikilvægt að tryggingavernd sé
í takt við þarfir þínar eða þíns fyrirtækis.

Hafið samband sem fyrst og ég fer yfir málin
með ykkur.



Við viljum kynnast þér betur!

Gerðu góðverk í dag

☎ 907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



Jólatónleikar á Cafe Haiti 18. des kl 21:00

Fram koma:

Sigurgeir Sigmunds á gítar/stálgítar,
Sigurður Kaftinn Ingimarsson ryþmagítar, söngur og munnharpa,
Jonni Richter sér um bassadrunurnar, Benjamín Ingi Böðvarsson lemur húðir
og Þollý Rósmunds þenur raddbönd.

Frýtt á tónleikana en tekið verður við frjálsumframlögum og mun
afraksturinn renna allur til þeirra sem minna mega sín fyrir jólin.



Nánar á <https://www.facebook.com/jolagledi>



Við styðjum við Jólagledi 2014

Húðfegrin

SKJÁ tv

Meggubrá

blóm og lífstilsbúð

Vertu með í að veita
JÓLAGLEÐI
www.jolarasin.is



Vertu með í að veita
JÓLAGLEÐI
www.jolarasin.is



XIPRENT

@gaxa

Kirkjuhlaup TKS 2014

Ætli flestir sjái ekki fyrir sér að eyða öðrum í jólum uppi í sófa að lesa jólabækur og narta í konfektmola í leiðinni? Líklega, en fyrir þá sem vilja bregða sér út að hlaupa gæti Kirkjuhlaup TKS verið skemmtileg reynsla.

Kirkjuhlaup TKS var opinberlega hlaupið í fyrsta sinn á annan í júlum 2011 en þá höfðu trimmklúbbsfélagar haft það fyrir sið í allnokkur ár að hlaupa góðan hring á þessum frídegi og telja kirkjur. Einn félagi lenti svo í því að monta sig við Akureyringa sem eiga sitt kirkjuþróppuhlaup og þá var ekki aftur snúið og kirkjuhlaupinu var formlega hleypt af stokkum. Í fyrsta hlaup mættu 70 vaskir hlauparar og í fyrra voru þátttakendur hátt yfir 100.

Kirkjuhlaupið hefst með stuttri athöfn í Seltjarneskirkju kl. 10 að morgni annars í júlum þar sem hlauparar safnast saman, syngja smávegis og sóknarpresturinn sr. Sr. Bjarni Þór Bjarnason flytur stutta jólahugvefju áður en hann sendir hópinn út í myrkrið. Vegalengdin sem hlaupin er um 14 km og á leiðinni heilsum við upp á 14 kirkjur eða trúarstaði. Við höfum farið hægt yfir undanfarnin ár, stoppað við hverja kirkju til að safna saman hópnum og notið þess að hlaupa saman í rólegheitum. Þeir sem treysta sér ekki svona langt geta stýtt sér leið og látið nægja að fara að Hallgrímskirkju eða Háteigskirkju. Sérstakur hlaupastjóri stýrir hraða og leiðir hlaupið. Hringum lýkur svo á upphafstað, við Seltjarneskirkju þar sem rjóðum og glöðum hlaupurum er boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur.

Hlaupaleiðin liggur framhjá eftirfarandi kirkjum: Rússneska rétttrúnaðarkirkja – Landakotskirkja – Hjalpræðisherinn – Dómkirkjan – Fríkirkjan – Kirkja aðventista – Hallgrímskirkja – Háteigskirkja – Kirkja óháða safnaðarins – Fossvogskapella – Friðrikskapella – Kapella Háskóla Ísland – Neskirkja – Seltjarneskirkja.



UMHVERFISHORNID

JÓLATRÉ

Jólatré með nútímasniði er hvergi gamalt í heiminum. Ýmiskonar trjádyrkun er að vísu ævægömul um víða veröld og er nærtækt að minna á ask Yggdrasils í norrænum Eddufræðum eða skilningstré góðs og ills í Gamla testamentinu. Hið sigræna grenitré hefur og löngum þótt búa yfir dularfullum lífskrafti. Rómverjar hinir fornu skreyttu hús sín með grænum greinum í skammdeginu.

Eftir hin harðvítugu átök siðaskiptanna suður í Evrópu á 16. og 17. öld fannst mörgum mótmælendum að afmá þyrfti flest þau atriði sem minntu sérstaklega á katólskt helgihald. Eitt þeirra var Betlehemsjatan eða jóljatan.

Í flestum löndum mótmælenda var þessi siður afnuminn eftir siðaskipti, en hélst þó sumstaðar, til dæmis í Svíþjóð. Eitthvað þurfti þó að koma í staðinn líkt og þegar Jólaengill eða Frosti Frændi komu í staðinn fyrir heilagan Nikulás til að útdeila gjöfum.

Það er varla tilviljun að fyrstu fregnir af einhverskonar jólatré eru frá þýskum mótmælendasvæðum seint á 16. öld. Í fyrstu sást þetta einkum á jólskemmtunum fyrir börn iðnfélagsmanna en færðist síðar inn á heimili þeirra. Á sinni hluta 17. aldar en einkum á 18. öld tók jólatréð að breiðast út meðal aðalsmanna og kóngafólks víða um Evrópu. Þá var líka byrjað að festa logandi kerti á greinarnar.

Fram yfir miðja 19. öld þekktust slík jólatré þó naumast hjá öðrum en aðalsfólki og oddborgurum. Á jólamarkaði fengust hinsvegar litlir jólapíramítar með ljósum handa almenningi. Það var ekki fyrr en eftir stofnun þýska keisaradæmisins árið 1871 sem jólatré fór að breiðast út um allt Þýskaland. Í Englandi varð jólatré ekki heldur algengt fyrr en eftir að Viktoría drottning og Albert maður hennar tóku það upp árið 1847.

Jólatréð barst til Norðurlanda laust eftir 1800 og náði einna fyrst rótfestu í Kaupmannahöfn. Eftir miðja öldina tók það að breiðast út til annarra staða en varð þó ekki sjálfsgöður hlutur í hvers manns húsi fyrr en eftir aldamótin 1900.

Fyrstu merki um jólatré á Íslandi eru frá miðri 19. öld. Þau munu fyrst hafa sést hjá dönskum kaupmönnum og íslenskum embættismönnum sem höfðu kynnst því í Kaupmannahöfn. Fyrstu jólatrésskemmtun á Íslandi, sem vitað er um, heldur Thorvaldsensfélagið í sjúkrahúsinu í Reykjavík 28. desember 1876 fyrir um hundrað fátæk börn. Sjúkrahúsið var þá á efri hæð húss, sem var kallað Okakerið og stóð þar sem nú er kastali Hjalpræðishersins. Á neðri hæð hússins var klúbbur og skemmtistaður og þótti þetta harla merkilegt tvíbýli.

Á Íslandi þurftu flestir lengi vel að smíða jólatré úr spýtum því grenitré uxu ekki villt á Íslandi. Það var ekki fyrr en hartnær öld seinna sem trjárækt hafði fæst svo í vöxt að innlend jólatré kæmu á markað. Skipaferðir gátu tekið svo langan tíma um þetta leyti árs að innflutt jólatré voru oft búin að fella mikið af greninu þegar komið var til Íslands. Þau voru því sjaldséd í sölubúðum nokkuð fram á 20. öld.

Fram yfir aldamótin 1900 sáust jólatré varla á einkaheimilum nema hjá efnum borgurum og þau voru oftast heimatilbúin. Þau gátu verið með ýmsu móti, en oftast var hafður mjór staur, sívalur eða strendur, og festur á stöðugan fót. Í staurinn voru boraðar holur, oddur telgður á flatar álmur og þeim stungið í holurnar.

Þær voru lengstar neðst, styttust uppeftir og stóðu á misvíxl. Á þær voru kertin brædd föst. Tréð var oftast málað grænt eða rautt og vafið um það eini eða lyngi ef það var tiltækt. Síðan voru mislitrir þokar hengdir á álmurnar. Fyrir kom að í stað lyngs væri tréð vafið glanspappír og uppistaðan væri úr málm. Sumir gátu orðið sér úti um gylltar kúlur og jafnvel englahár.

Á síðustu áratugum 19. aldar fjölgaði jólatrjám meðal hinna efnameiri, og fyrir aldamótin 1900 má sjá jólatré og jólatrésskraut auglýst í verslunum. Árið 1906 auglýsir Bryde-verslun í Reykjavík, að jólatré af öllum stærðum séu væntanleg með skipinu Vestu nálægt 20. desember. Sennilega er hér um grenitré að ræða.

Myndin sýnir gamla jólatréð frá Hruna smíðað 1873. Það er nú í Húsinu á Eyrarbakka. Sennilega elsta jólatré landsins. Mynd Guðrún Tryggvadóttir.

Heimildir: Saga jólanna eftir Árna Björnsson. Gefin út 2006.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.



Frábær tilboð

Heimsendingartilboð 1

Stór pizza
með 2 áleggsteg.

Stór brauðstangir og sósa eða litit hvíttlauksbrauð og 2 l. kók

3850 kr.

Heimsendingartilboð 2

Miðstærð pizza
með 2 áleggsteg.

Stór brauðstangir, sósa og 2 l. kók

3200 kr.

Þú sækir tilboð 1

Stór pizza
og stór brauðstangir
og fáðu aðra pizzu sömu stærðar með

1850 kr.

Þú sækir tilboð 2

Stór pizza
með 2 áleggsteg.

1850 kr.

HRÓI HÖTTUR
HRINGBRAUT 119
SÍMI 55 44 444

Við bökkum allar okkar pizzur í STEINOFNI

Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

Árvið stórviðburður!

Jólatryáaskemmtun
Nesvina



RAUÐA LJÓNINU
LAUGARDAGINN 27. DESEMBER
HÚSIÐ OPNAR KLUKKAN 22.00

 Finndu okkur á Facebook



Björnsbakarísmótið hjá 8. flokki stúlkna og drengja



Stúlkur í 8. flokki Gróttu í handbolta.

Helgina 8. - 9. nóvember hélt Handknattleiksdeild Gróttu fyrsta mót hjá 8. flokki stúlkna og drengja í handknattleik. Það voru 450 börn sem mættu til okkar í Hertzhöllina.

Björnsbakarí á Austurströnd var styrktaraðili mótsins og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Á laugardegnum byrjuðu stúlkurnar að keppa en strákarnir mættu á sunnudeginum.

Mótið gekk mjög vel fyrir sig. Gleðin skein úr andlitum keppenda og var mikið fjór í húsinu hjá okkur. Gaman var að sjá hvað margir mættu til að horfa á þessa frábæru keppendur. Sumir voru að keppa á sínu fyrsta handboltamóti. Vonandi halda þau áfram á þessari braut því framtíðin blasir við þeim. Í lokin fengu allir keppendur verðlaunapening og íspinna.



Drengir í 8. flokki Gróttu í handbolta.



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170



Gróttu stigahæsta lið ársins - þriðja árið í röð!

Bikarmót Kraftlyftingasambands Íslands fór fram á Akureyri þann 22. nóvember sl. en um var að ræða síðasta mót vetrarins í mótarið Kraft. Fyrir mótið var Gróttu í fyrsta sæti í stigakeppni liða og með glæsilegum árangri Gróttukeppenda tryggði liðið sér stigabikar ársins. Er þetta í þriðja sinn sem Gróttu stendur uppi sem sigurvegari í lok árs en ekkert annað lið hefur áður náð þeim árangri.

Gróttumassarinnir fóru heim hlaðnir verðlaunum, með þrenn gullverðlaun, fimm silfurverðlaun og tvenn bronsverðlaun ásamt fjölda Íslands, unglínga- og öldungameta.

Tinna Rut Traustadóttir sigraði í sínum flokki (57 kg) en hún keppti í klassískum kraftlyftingum, þ.e. lyftingum án búnaðar. Hún

stórbætti persónulegan árangur sinn (312,5 kg) og er án efa orðin okkar fremsti klassíski lyftari.

Victor Teitsson keppti á sínu fyrsta kraftlyftingamóti og gerði sér lítið fyrir og setti 12 Íslandsmet í drengjaflokki. Með þessu tryggði hann sér þátttökurétt á Íslandsmótinu í kraftlyftingum og er ljóst að stóri bróðir hans, Aron Teitsson má fara að vara sig.

Lárus Arnar Sölvason sigraði í sínum flokki (83 kg). Hann sýndi mikla yfirvegum og keppnissskap í öllum sínum lyftum og endaði með samtals 555 kg.

Aðrir keppendur stóðu sig með þryði, margir hverjir á sínu fyrsta kraftlyftingamóti. Það er ljóst að framtíð Gróttu er björt og verður gaman að fylgjast með árangri keppenda á komandi kraftlyftingaári.

Glæsilegur sigur Gróttu á Víkingi

Ekkert virðist geta stöðvað Gróttu í 1. deild karla í handknattleik. Unnu þeir síðast Víkinga, sem eru í öðru sæti deildarinnar, á sannfærandi hátt á heimavelli, 26:24, en jafnt var í hálfleik, 13:13.

Þegar þetta er skrifað er Gróttu með fullt hús stiga í deildinni, nú 22 stig að loknum 11 leikjum. Víkingur er í öðru sæti fjórum stigum á eftir. Fjölnir er í þriðja sæti með 15 stig.

Viggó Kristjánsson átt enn einn þryðisleikinn með Gróttu. Hann skoraði átta mörk en Viggó hefur verið aðsópmikill í síðustu leikjum liðsins. Einar Gauti Ólafsson var markahæstur hjá Víkingi með fimm



mörk ásamt Agli Björgvinssyni.

Mörk Gróttu: Viggó Kristjánsson 8, Kristján Þór Karlsson 5, Aron Valur Jóhannsson 4, Aron Dagur Pálsson 3, Árni Benedikt Árnason 2, Þráinn Orri Jónsson 2, Hreiðar Örn Zoega 1, Þórir Jökull Finnbogason 1.

Glæsileg 1. des skemmtun

1. des. ball 10. bekkinga í Valhúsaskóla fór fram með miklum myndarbrag í Félagsheimili Seltjarnarness.

Hér fyrir neðan má sjá myndir frá þessari glæsilegu skemmtun.



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Gunnar Birgisson títugur tónlistarmaður sem er að stiga sín fyrstu skref í tónlistarbransanum, Hann gaf út sitt fyrsta lag, *Save Me*, í ágúst sl. við góðar viðtökur. Nýjasta lagið hans, *Into My Arms*, kom út í október og eru fleiri lög væntanleg frá kappanum á nýju ári.

Fullt nafn? Gunnar Birgisson.

Fæðingard. og ár? 3. ágúst 1994.

Starf? Stuðningsfulltrúi í Valhúsaskóla og háttvirtur starfsmaður Tékklands bifreiðaskoðunar.

Farartæki? Ekkert sem ég á sjálfur en ég er mjög lunkinn í því að fá lánaðan bíl frá hinum ýmsu aðilum.

Helstu kostir? Mamma hefur alltaf sagt að ég sé stundvís og samviskusamur, ég treysti henni fyrir þessu.

Eftirlætis matur? Ég hef alltaf verið mikið fyrir pizzur og borða þær í tíma og ótíma. Svo er þabbi minn mjög góður í að grilla lambalundir sem klicka aldrei. En mamma á samt allt kredit skilið fyrir afbragðs eldamennsku, ég hef aldrei fengið vonda mat frá henni.

Eftirlætis tónlist? Ég hef mjög fjölbreyttan tónlistarsmekk og get hlustað á mikið, en allt sem Ed Sheeran gefur frá sér er í miklu uppáhaldi hjá mér.

Eftirlætis íþróttamaður? Emil Hallfreðsson fótboltakappi og stórfrændi. Svo er athafnamaðurinn og stórskyttan Viggó Kristjánsson flottur líka.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Ég get alltaf horft á Friends, en *Suits* er líka í miklu uppáhaldi.

Besta bók sem þú hefur lesið? Ég les skammarlega lítið en *Kaldaljós* með Vigdísí Grímsdóttur frænku var frábær.

Uppáhalds leikari? Ég hélt mikið upp á Brad Pitt þegar ég var yngri og geri enn.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? *Forrest Gump*.

Hvað gerir þú í fristundum þinum? Vinn að tónlistinni minni, spila fótbolta og hitti vini.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Jökulsárlón.



Hvað metur þú mest í fari annarra? Traust. Það er gaman að treysta.

Hvern vildir þú helst hitta? Afa minn, Grím M. Helgason, sem ég fékk því miður aldrei að kynna.

Uppáhalds vefsíða? Ég er allt of mikið inni á Youtube og Facebook.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Ég óskaði mér úlfalda en það varð víst ekkert úr því.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Þeir sem þekkja mig vita að ég er mjög mikið fyrir skyndiákvæðanir og þæli lítið í hlutunum þannig ég myndi örugglega bara skella mér í nokkrar vikur til Jamaíku eða eitthvað. Þetta var samt alger kaldhæðni. Ef ég þekki mig rétt myndi ég gera voða lítið, en ég gef mér samt smá kredit og segi að ég myndi skella mér til einhvers skemmtilegs lands með vel völdum.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi skipa mig skólástjóra grunnskólanna á Seltjarnamesi og gefa nemendum og starfsmönnum frí í einn dag.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Ég stefni á að gefa út góða tónlist eins lengi og ég get. Svo ætla ég að mennta mig frekar og reyna að lifa góðu og heilbrigðu lífi.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Ég byrjaði sumarfríð á að fara í tveggja vikna útskriftarferð með árganginum mínum úr Verzlunarskóla Íslands. Svo fékk ég að taka þátt í skemmtilegu verkefni með Ferðafélagi Íslands þar sem fjórir vinir mínir og ég ferðuðumst um Ísland og tókum upp tónlistarmyndband. Það var virkilega gaman.



Nýtt

Frábært fjölskylduspil!

Við aðstoðum þig við að velja spilin. Úrvalið er hjá okkur!

Spilavinir

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · Sími 553 3450

NES FRÉTTIR

Óskum Seltirningum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

Góðar jólagjafir!

Reykjavíkur Apóteki, gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Mikið úrval af allskyns gjafavöru fyrir jólin!



SKAPARINN AUGLEIÞINGASTOFA

Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja.

Mikið og fjölbreytt úrval af allskyns heilsuvörum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Kíktu við fyrir jólin og sjáðu hvort þú finnur ekki jólagjöfina hjá okkur!

Afgreiðslutími:

9-18:30 virka daga

10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is